

**1. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 28. apríl 2015 og hófst hann kl. 10:00**

**Fundinn sátu:**

Jón Hrói Finnsson formaður, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu, Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1410165 - Dalbraut 6 - þjónustumiðstöð fyrir aldraða**

Erindisbréf samráðshóps Akraneskaupstaðar og FEBAN um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, lagt fram til kynningar.

*Farið var yfir erindisbréfið. Fjallað var um þarfagreiningu sem unnin var í síðasta starfshóp. Taka þarf þá þarfagreiningu til endurskoðunar. Skoða þarf hvort hún stenst í tengslum við húsnæðið að Dalbraut. Farið var yfir teikningar á Dalbraut 6.*

**2. 1302181 - Þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara**

Samantekt frá fundum starfshóps um þjónustumiðstöð sem starfaði frá 15. apríl 2013 til 28. apríl 2014

**3. 1410165 - Dalbraut 6 - þjónustumiðstöð fyrir aldraða**

Ákvörðun um fundartíma og annað skipulag

*Haldnir verða fundir hálfsmánaðarlega, á þriðjudögum kl. 10.00. Næsti fundur haldinn 12. maí. Fundirnir verða haldnir á 1. hæð.*

*Þarfagreining. Hver og einn vinnur sínar hugmyndir fyrir næsta fund. Taka þarf tillit til húsnæðis, fjölda aldraðra næstu áratugi og þörf þeirra fyrir þjónustu sem nú er ekki veitt.*

*Skoða þarf aðstöðu fyrir starfsmenn heimaþjónustu og fyrir aðra þjónustu fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu.*

*Hvaða starfsemi vill bæjarfélagið hafa af sinni starfsemi?*

*Hvað vill FEBAN hafa af sinni starfsemi?*

*Hvaða rými er hægt að samnýta?*

*Samhliða þarf að skoða almenn úrræði í bæjarfélaginu sem hentað geta fyrir alla íbúa bæjarfélagsins.*

*Skoða þarf hvað af þjónustunni er í forgangi út frá mikilvægi.*

*Laufey og Ólafur vinna yfirlit yfir þá starfsemi sem í gangi er hjá bæjarfélaginu og FEBAN.*

**4. 1410165 - Dalbraut 6 - þjónustumiðstöð fyrir aldraða**

Skoðunarferð samráðshóps um Dalbraut 6 og nágrenni.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.**

*Jóhannes Ingibjartsson*

*Hildur Bjarnadóttir*  
*Laufey Jónsdóttir*